

1950

14

16
22. febr.

Í stað „100 árin“ í 27. gr. laganna komi: 75 árin.

4. gr.

5. gr.

Aftan við 33. gr. laganna bætist:

Geta skal þess í afsals- og veðmálabókum hlutaðeigandi sýslu eða kaupstaðar, að jörð sé ættarjörð, og sömuleiðis breytinga, er á því kunna að verða.

45. gr. laganna orðist þannig:

6. gr.

Heimilt er ábúendum þeirra jarða, sem byggðar eru eftir lögum þessum, að taka lán með veði í jörðinni, til varanlegra húsabóta og annarra umbóta á jörðinni, í Byggingarsjóði í Búnaðarbanka Íslands og Ræktunarsjóði Íslands, samkvæmt þeim reglum, er um slík lán gilda á hverjum tíma. Ákvæði ábúðarlaganna um skyldu til húsabóta gilda eigi að því er snertir jarðir, sem byggðar eru samkvæmt lögum þessum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 22. febrúar 1950.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jón Pálmason.

17
23. febr.

L Ö G

um framlenging á gildi laga nr. 114/1949, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1950.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Heimild sú, sem ríkisstjórninni er veitt í lögum nr. 114/1949, um bráðabirgða-fjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1950, skal gilda til 1. maí 1950.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 28. febrúar 1950.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.